



**ÁRSRIT
2011**

PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI



HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ
HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÐOL.

Ágætu félagar í GKG

Þá er 18. starfsári okkar að ljúka og leggur stjórnin því fram ársskýrsluna eins og lög gera ráð fyrir. Við lok starfsársins er rétt að líta um öxl og fara yfir starfseminu á liðnu starfsári. Á margan hátt var starfsárið 2011 venjubundið í rekstri þótt sífellt sé reynt að bæta umgjörðina. Ég fullyrði að í heild var þetta gott starfsár og náðum við meðal annars þeim merka áfanga að nú hvíla engar langtímaskuldir á GKG. Eins og fram kemur í skýrslunni er mjög fjölbreytt starf unnið í okkar klúbbi og það eru margir sem leggja fram mikla vinnu. Öllu þessu góða fólki vill stjórnin þakka fyrir gott samstarf og vonandi verður framhald á því á komandi árum. Sú stjórn sem nú skilar af sér hefur lagt megináherslu á að bæta og laga vellina. Kannski verða þeir aldrei fullkláraðir, en við getum í öllu falli sagt að nú séu golfvöllir GKG orðnir með bestu golfvöllum landsins og það er sannarlega ánægjuefni. Þá er komið að næsta þætti, en það er að byggja nýja félagsaðstöðu og næstu stjórnir í GKG munu leggja mikla áherslu á að hrinda þeirri framkvæmd í gang. Eins verður að huga að bættri æfingaaðstöðu og nýrri vélamiðstöð. Það eru því ærin verkefni sem bíða, en með góðum rekstri klúbbsins verður öll uppbygging auðveldari og félagar ættu að geta horft til nýrra tíma með mikilli tilhlökkun.



EFNISYFIRLIT

- 3. Inngangur
- 5. En hvað er GKG?

FÉLAGSSVIÐ

- 6. Nýting valla
- 7. Stjórn og nefndir
- 9. Skiping félagsmanna
- 10. Stjórnarstörf
- 10. Samskipti við sveitarfélögin
- 11. Starfsmannamál og aðstaða
- 11. Vinavellir
- 11. Glæsilegt afrek

- 11. Fjármálin
- 12. Kvennanefnd
- 14. Kynningarnefnd

ÍÞRÓTTASVIÐ

- 17. Skýrsla íþróttasviðs
- 18. Úrslit Meistaramóts 2011
- 23. Mótanefnd

FRAMKVÆMDASVIÐ

- 27. Vallarnefnd
- 27. Skýrsla vallarstjóra
- 29. Vetrarvöllur 2011–2012

- 29. Fjáröflunarnefnd
- 31. Holukeppni GKG

FJÁRMÁL

- 34. Áritun stjórnar
- 35. Áritun óháðs endurskoðanda
- 36. Rekstraryfirlit
- 37. Efnahagsreikningur
- 38. Sjóðsstreymi
- 40. Líflegur golfklúbbur (myndir)
- 42. Klúbbmeistarar 2011

LOKAORÐ



Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
olafure@gkg.is

Ársrit GKG 2011
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Ólafur E. Ólafsson.
Hönnun og útlit: PiparTBWA auglýsingastofa.
Ljósmyndir: Jón Guðmundsson, Gummi
vallarstjóri, Ólafur E. Ólafsson og myndir frá
félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.
Sérstakar þakkir: Sigurður Hlökkversson.



Aftari röð frá vinstri: Kristinn Jörundsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Jón Snorri Snorrason, Gunnar Jónsson og Gunnar Páll Þórisson.
Sitjandi: Heimir Guðjónsson, Áslaug Sigurðardóttir, Guðmundur Oddsson, Jónína Pálsdóttir og Símon Kristjánsson.





En hvað er GKG?

- Fyrirtæki
- Vinnustaður
- Íþróttafélag
- Uppeldisstofnun
- Forvarnarstofnun
- Gróðrarstöð

Fyrirtæki:

GKG er fyrirtæki sem veltir rúmum 180 milljónum á þessu ári og sér um rekstur á golfvöllum félagsins, Mýrinni og Leirdalnum og síðan rekum við inniaðstöðu fyrir félaga okkar í Kórnum í Kópavogi. Reksturinn hefur að sönnu gengið upp og ofan, en á síðustu árum hefur tekist að reka þetta fyrirtæki réttu megin við núllið og á síðasta ári skilaði fyrirtækið rúmum 23 milljónum í afgang. Okkur hefur tekist að greiða upp allar okkar skuldir og nú í ár er klúbburinn nánast skuldlaus. Allar fjárfestingar síðustu tveggja ára hafa verið staðgreiddar. Rekstur yfirstandandi árs skilar okkur rúmum 27 milljónum í afgang.

Vinnustaður:

GKG er vinnustaður fjölmargra starfsmanna. Við erum með 8 fasta starfsmenn allt árið, 2 á skrifstofu, 3 í vélamiðstöð og 3 kennara. Á mesta annatímanum í sumar voru starfsmenn GKG um 60. Langflestir unnu við hirðingu og slátt á völlum og síðan voru 13 leiðbeinendur á námskeiðum fyrir krakka og unglinga. Þess má geta að vellirnir eru rúmlega 60 ha. og við verðum að slá sumt daglega yfir sumarið.

Íþróttafélag:

GKG er íþróttafélag sem hefur náð mjög góðum árangri í hinum ýmsu flokkum og hefur eignast 28 Íslandsmeistara í gegnum tíðina. Nú eru 1870 félagar á öllum aldri í GKG. Til gamans má nefna að í lok fyrsta starfsárs 1994 voru félagar í GKG 241. Karlmenn eru um 70% og þar af leiðir að konur eru 30% félaga. Búseta félagsmanna var í árslok 2010 þannig: 41% úr Kópavogi, 26% úr Garðabæ og úr öðrum sveitarfélögum því 33%. Við erum nú annar stærsti golfklúbbur landsins og er klúbburinn fullur og verður ekki hægt að fjölga í

honum miðað við óbreyttar aðstæður. Á golfvöllum félagsins voru spilaðir 51.098 hringir árið 2010 og á yfirstandandi ári voru þeir 54.781. Inniaðstaðan í Kórnum er mjög mikið nýtt allan veturinn.

Uppeldisstofnun:

GKG er uppeldisstofnun að því leyti að við tökum við börnum frá 6 ára aldri og í ár eru 10 ára og yngri yfir 100. Auk þess erum við með sumarnámskeið fyrir krakka og sl. sumar voru um 500 krakkar á námskeiðum hjá GKG. Golfið er heiðursmannaiþrótt og því leggja leiðbeinendur og kennarar á námskeiðunum mikla áherslu á góða framkomu og tillitssemi við náungann. GKG hefur fengið mikið lof fyrir hve kurteisir og ljúfir krakkarnir eru sem fara í keppni vítt og breitt um landið. Þetta finnst mér skipta afar miklu máli. Í dag er GKG með fleiri ungumenni innan 15 ára en nokkur annar golfklúbbur á landinu, rúmlega 300, sem er svipaður fjöldi og GR og GK eru með til samans í þessum aldursflokkum.


Forvarnarstofnun:

GKG er eins konar forvarnarstofnun að því leyti að til okkar koma bæði börn og eldri borgarar. Sumir hinna yngri eru á völlum félagsins frá morgni til kvölds allt sumarið og margir foreldrar fagna því mjög að vita af þeim í öruggum höndum hjá okkur. Varðandi þá eldri, sem í dag eru 185, 67 ára og eldri, fullyrði ég að vellir GKG halda þeim í góðu formi mun lengur en ella. Sumir spila, eða ætti ég kannski að segja, labba vellina allan ársins hring og skiptir þá engu máli hvernig viðrar. Þetta bætir heilsuna og lengir lífið segja þessir öldungar.


Gróðrarstöð:

GKG er að því leyti gróðrarstöð að við erum á fullu í margs konar ræktunarstarfsemi. Fyrir utan að rækta besta fánlega gras á flötum vallanna, er mikil áhersla lögð á trjáækt. Við höfum átt mjög góð samskipti við skógræktarfélagin bæði í Kópavogi og Garðabæ og fengið hjá þeim mikið af trjám. Við höfum gróðursett hundruð trjáa á hverju ári. Vellirnir hafa breyst mikið á síðustu árum og mér finnst þetta flottustu staðirnir í báðum sveitarfélögum.

LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI
2009 - 2010 - 2011



LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI
2009 - 2010 - 2011



Stjórn og nefndir 2011

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Jón Snorri Snorrason

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNANDI

Gunnar Jónsson

MEÐSTJÓRNANDI

Áslaug Sigurðardóttir

MEÐSTJÓRNANDI

Bergþóra Sigmundsdóttir

VARAMAÐUR

Jónína Pálsdóttir

VARAMAÐUR

Gunnar Páll Þórisson

VARAMAÐUR

Heimir Guðjónsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ólafur E. Ólafsson

SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Einar Gestur Jónasson

ÍÞRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI

Derrick Moore

UNGLINGALEIÐBEINANDI

Hlynur Þór Haraldsson

LEIÐBEINANDI

Birgir Leifur Hafþórsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

FJÁRÖFLUNARNEFND

Jón Snorri Snorrason

Ólafur E. Ólafsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

Linda B. Pétursdóttir

KYNNINGARNEFND

Ólafur E. Ólafsson

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Jón K. Baldursson

Heimir Jón Guðjónsson

Jónína Pálsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Gunnar Árnason

Sigurður Hlöðversson

Kristján Björgvinsson

Ólafur A. Kristjánsson

Björn Steinar Stefánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Einar Gunnar Guðmundsson

Pétur Örn Guðmundsson

Sverrir Helgi Jónsson

Kolbrún Stefánsdóttir

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

ÍÞRÓTTANEFND

Gunnar Páll Þórisson

Áslaug Sigurðardóttir

Valgeir Tómasson

Ólafur Sigurðsson

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Einar Gestur Jónasson

Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir

Ottó Sigurðsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson




SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson

Lórenz Þorgeirsson









Stjórnarstörf

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið 10 bókaða fundi og auk þess almennan félags- og fræðslufund. Þá hafa stjórnarmenn setið fjölmarga fundi með ýmsum aðilum þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti í starfsemi GKG og framtíð klúbbsins. Mikill tími hefur farið í viðræður við forráðamenn sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Stjórnin hefur ásamt framkvæmdastjóra lagt mikla vinnu í fjármál klúbbsins. Þetta eru vitaskuld mál málanna og þau verða að vera í góðu lagi. Eins og fram kom á síðasta aðalfundi voru félagar í GKG 1730 en voru 1560 árið áður. Nú er hins vegar nokkuð breytt staða því 1. nóvember sl. voru félagarnir orðnir 1870 og þá voru einhverjir komnir á biðlista. Stjórnin hafði samþykkt að hámarksfjöldi í GKG verði a.m.k. 1800 félagar. Í klúbbum eru nú 1300 fullborgandi félagar og því spurning hvort við setjum þar punkt. Fjöldinn umfram 1800 er eingöngu börn og unglingar, en þar höfum við ekki sett nein mörk á fjölda. Við gerðum í upphafi starfsársins ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í öllum rekstri og höfum kappkostað að reka klúbbinn á skynsamlegum nótum. Það hefur okkur tekist bærilega og nú þriðja árið í röð skilum við góðri rekstrarniðurstöðu. Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og það markmið er stjórnin setti sér fyrir þremur árum, um að GKG yrði sem næst skuldlaust í lok þessa starfsárs hefur náðst. Stjórninni er það bæði ljúft og skylt að þakka Ólafi E. Ólafssyni framkvæmdastjóra fyrir einstaklega trausta og aðhaldssama stjórn á fjármálum klúbbsins og eins hefur Guðmundur Árni vallarstjóri sýnt mikla útsjónarsemi í rekstri og framkvæmdum á völlum. Traustir starfsmenn eru gulls ígildi. Stjórnin hefur fjallað mikið um framtíðaruppbyggingu GKG. Bæjarráð Garðabæjar kom til fundar við okkur í lok ágúst og á þeim fundi var fyrst og fremst rætt um staðsetningu á nýrri félagsaðstöðu fyrir okkur. Samkvæmt viðhorfskönnun sem gerð var meðal félagsmanna nú nýverið, og kynnt verður á fundinum, kom fram alveg skýr vilji félagsmanna um að staðsetning hinnar nýju félagsaðstöðu verði við bæjarmörk Kópavogs og Garðabæjar.

Samskipti við sveitarfélögin

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi gerðum við okkur vonir um að á þessu starfsári tækist okkur að fá afmarkaða lóð fyrir framtíðarstaðsetningu á okkar félagsaðstöðu. Það hefur hins vegar ekki tekist ennþá þó talsverður tími hafi farið í að þoka þeim málum áfram. Næsta stjórn verður því að vinna áfram í þessu máli og auðvitað náum við lendingu í málinu með tímanum, en satt best að segja er þetta mál að verða ansi þreytt og okkur til mikils ama. Stjórn Ríkisspítalanna heldur áfram að rukka okkur og nú í ár greiddum við kr. 3.750.000 í leigu fyrir landið. Þetta mál er ekkert að leysast eins og er, en þó eru alltaf að koma upp nýir fletir sem hugsanlega munu hjálpa okkur í að losna við þessa leigu. Rætt hefur verið við núverandi fjármálaráðherra um endurskoðun á leigusamningnum, en hann rennur út árið 2019. Ráðherra taldi að ef við þyrftum aukið land fyrir okkar starfsemi, sem er mjög líklegt, sköpuðust möguleikar á að endurskoða fleiri atriði samningsins eins og t.d. lóðarleiguna. Undanfarin ár hafa allir okkar peningar, sem ekki fóru í rekstur, farið í vellina. Nú er klúbburinn tilbúinn til að setja fjármagn í uppbyggingu á öðrum þáttum starfseminnar. Það er alveg ljóst að sú uppbygging kostar mikla peninga og okkur því nauðsyn á að fá bæði sveitarfélögin með okkur í þá vegferð. Í viljayfirlýsingu sem skrifað var undir fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2006, lýstu bæjarstjórar beggja sveitarfélaganna því yfir að þau myndu hér eftir sem hingað til standa þétt saman um uppbyggingu á félagssvæði GKG. Ég treysti því að þessi viljayfirlýsing sé enn í fullu gildi.

GKG hefur fengið alls 7,6 milljónir í rekstrarstyrk frá Garðabæ á síðustu tveim árum, en engan rekstrarstyrk frá Kópavogi á þessum tíma. Þá höfum við fengið um 2 milljónir króna á ári frá hvoru sveitarfélagi vegna unglingastarfsins. Loks höfum við fengið um 7 milljónir í framkvæmdastyrk frá Garðabæ á síðustu tveim árum og 15 milljónir frá Kópavogi á sama tíma.

Þá hafa bæði sveitarfélögin tekið afar vel í að standa myndarlega við bakið á klúbbum varðandi undirbúning á að halda Íslandsmótið í höggleik árið 2014. Við höfum þegar lokið fyrsta áfanga í uppbyggingu á stígakerfi vallanna en heildaruppbygging þeirra er áætluð að muni kosta um 75 milljónir króna, sem kæmu til greiðslu á næstu 3 árum. Þess utan eru vitaskuld fjölmörg önnur atriði sem verður að laga og ég er afar þakklátur fyrir þá jákvæðu afstöðu sem við finnum varðandi þetta verkefni hjá báðum sveitarfélögum. Það er GKG mikið metnaðarmál að standa vel að þessu verkefni og við erum staðráðin í að gera það með miklum sóma.

Starfsmannamál og aðstaða

Alltaf má búast við einhverjum breytingum á föstum starfsmönnum klúbbsins milli ára, en sem betur fer helst okkur nokkuð vel á starfsfólki. Sigurður Ingason sá um veitingarnar á þessu starfsári og verður hann áfram hjá okkur sem betur fer, en almenn ánægja var með hans störf og ekki síður með hans viðmót. Við útbjuggum nýja kæliðstöðu fyrir kokkinn sem gjörbreytti möguleikum hans til allra innkaupa og geymslu á matvælum. Þá var verið að ljúka við nýja kaffistofu við vélamiðstöð svo nú verður alltaf heitt á könnunni hjá Gumma og félögum í vélamiðstöðinni.

Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKG getað farið á 4 svokallaða vinavelli og spilað þar fyrir 1.000 kr. hringinn. Vellirnir voru á Hellu, Keflavík, Akranesi og Borgarnesi. Á þessu ári þurfti GKG að greiða um 2,5 milljónir króna vegna þessa, en 2,0 í fyrra. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagar GKG því áhugi virðist eindregið mæla með því að halda þessu samstarfi áfram. Stjórnin mun leggja til að áfram verði félagar að greiða kr. 1.000 fyrir hvern spilaðan hring. Á þessu starfsári voru spilaðir hringir á vinavöllum sem hér segir: Hella 567 (604), Borgarnes 793 (604), Akranes 691 (535), Keflavík 499 (334), samtals 2.550 (2.074) hringir.

Glæsileg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2011 urðu þau Alfreð Brynjar Kristinsson og Ingunn Gunnarsdóttir. Þau, ásamt fleiri kylfingum úr GKG, náðu mjög góðum árangri á árinu í hinum ýmsu mótum, en Alfreð varð m.a. í þriðja sæti á Íslandsmótinu í höggleik. GKG eignaðist 2 Íslandsmeistaratitla á árinu, en Ragnar Már Garðarsson varð Íslandsmeistari í höggleik 15–16 ára og sveit drengja 15 ára og yngri varð Íslandsmeistari í sveitakeppni unglunga, líkt og árið áður.

Sveit GKG varð í öðru sæti í 1. deild karla í sveitakeppni GSÍ og kvennasveitin varð í þriðja sæti 1. deildar. Þá má nefna öldungasveit kvenna, en hún varð í 3. sæti í sveitakeppninni. Þá má ekki gleyma frábærum árangri Maríu Guðnadóttur í hinum ýmsu mótum sumarsins. GKG átti fjóra sem spiluðu í landsliðum Íslands á árinu, en það voru þau: María Guðnadóttir, Alfreð Brynjar Kristinsson, Guðjón Henning Hilmarsson og Aron Snær Júlíusson. Eins og áður hefur komið fram er GKG með öflugasta unglingastarfið á landinu. Í klúbbum eru fjölmargir

mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólki kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfíðkunar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísi og GKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglunga sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða.

Fjármálin

Þó ég muni ekki á þessum stað ræða mikið um fjármál klúbbsins er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á þessu starfsári og skilaði rúmum 27 milljónum í tekjuafgang og okkur tókst að lækka langtímaskuldir klúbbsins niður í 0 kr. Góðir félagar, mér finnst rétt að benda á, að þessi tekjuafgangur er ekki geymdur einhversstaðar í bauk, heldur hefur hann allur verið notaður til nýrra fjárfestinga á völlum. Heildartekjur GKG á þessu starfsári eru um 182 milljónir og hafa hækkað um 12,2% frá síðasta ári, vallargjöldin hafa hækkað um 8,6% og tekjur af golfmótum 1,8% milli ára. Félagsgjöldin veiga 62,7% af heildartekjum klúbbsins. Stjórnin leggur til að félagsgjöldin á næsta starfsári verði kr. 78.000 fyrir fullborgandi og hjá 67 ára og eldri verði félagsgjöldin kr. 50.000, en óbreytt hjá öllum öðrum félögum.

Inntökugjald nýrra félaga verður 25% af fullu gjaldi eða kr.19.500 á næsta starfsári. Nýir félagar yngri en 20 ára greiða ekkert inntökugjald.





Kvennanefnd 2011

Kvennanefnd GKG 2011 skipuðu Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Hildur Pálmadóttir og Linda Pétursdóttir. Vigdís Ársælsdóttir var nefndinni innan handar.

GKG-konur voru með fasta tíma í Kórnum sl. vetur. Haldið var þúttmót og var krýndur þúttmeistari. Sigmundur Einar Másson kom og sýndi okkur góðar teygjuæfingar sem nýttust vel í sumar. Þá var Hlynur Þór Haraldsson, PGA-golfkennari, með golfnámskeið fyrir konur í GKG og mæltist þessi nýbreytni vel fyrir. Rauðvínskviöldið var haldið föstudaginn 13. maí 2011. Um 50 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Fastir golf tímar voru á þriðjudögum í Mýrinni. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímunum í sumar. Fyrsta mótið var svo 31. maí og mættu rúmlega 60 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Mýrinni. Vinkvennamót GKG- og GO-kvenna var í júní og skiluðu 102 konur korti fyrir daginn og 126 seinna daginn. Úrslit urðu þau að GKG-konur unnu mótið. Opið sólstoðumót kvenna var haldið föstudagskvöldið 24. júní og mættu 44 konur til leiks og nutu kvöldsins. Vegleg verðlaun voru að vanda og var skipt í tvo flokka eftir forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sæti í hvorum flokki auk ýmissa annarra verðlauna. Innanfélagsmót var haldið 19. júlí og mættu 62 konur og spiluðu 18 holu punktamót í Leirdalnum. Þriðjudaginn 9. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Selsvöll á

Flúðum. Leikið var í góðu veðri en 73 GKG-konur mættu í ferðina og var fengin stærsta rúta landsins til að aka okkur á Flúðir. Konurnar skemmtu sér frábærlega og nutu ferðarinnar. Aðstæður voru mjög góðar og var frábærlega tekið á móti okkur.

Hatta- og kjólamótið var svo 30. ágúst og voru spilaðar níu holur í Mýrinni. 46 GKG-konur mættu og nutu félagsskaparins og golfsins. Mikil og hörð keppni var um flottasta hattinn og best klæddu konuna.

Lokamót GKG-kvenna var svo sunnudaginn 11. september 2011. Leiknar voru 18 holur og leikfyrirkomulagið var punktakeppni. 69 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu rúmlega 60 GKG-konur saman góðan kvöldmat og nutu tónlistar Hlökkvers ræsis og félaga. Þá voru veitt að venju verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvennanefndarinnar sumarið 2011. Lokahófið er opið öllum konum í GKG hvort sem þær taka þátt í lokamótinu eða ekki.

Ljóst er að þátttaka GKG-kvenna er mikil í félagsstarfinu og fögnum við því í nefndinni.

Fjöldi fyrirtækja hefur stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir.

Vantar eitthvað í golfferðina?



 **Golf Buddy**

- Vellir eru mældir nákvæmlega, sem gefur innan við 0.5 metra skekkjumörk.
- Tæki sem ekki byggja á sérstakri mælingu brautanna (ss. síma forrit) gefa allt að 20 metra skekkjumörk
- 30 íslenskir vellir og 35.000 erlendir. Þar á meðal GKG
- Viðurkenndur af R&A og PGA Europe

Golfbúðin

DALSHRAUNI 13 | HAFNARFIRÐI

www.golfbudin.is

Kynningarnefnd 2011

Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annarra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og afrekum einstakra kylfinga á framfæri. Heimasíða klúbbsins, gkg.is var endurgerð á árinu og hefur það hjálpað okkur mikið við að koma upplýsingum til félaga. Einnig var myndasíða klúbbsins lagfærð og hefur á árinu verið sett inn mikið af myndum úr starfinu. GKG vill þakka Ríkharði Brynjólfssyni fyrir mikið og gott starf við að endurgera heimsíðuna og halda henni gangandi. Það er mjög mikilvægt fyrir klúbbinn að hafa yfir að ráða svo öflugum miðli, enda var heimasíðan mikið heimsótt af kylfingum. Póstlisti klúbbsins var nokkuð vel nýttur á árinu og leitast við að koma skilaboðum og fréttum til félagsmanna með þeim hætti. Nú eru yfir 1.200 félagar skráðir á póstlista okkar og munum við starfa áfram að því að reyna að ná öllum félögum þar inn. Félagsfundur var haldinn 11. maí og var hann ágætlega sóttur. Þar sem farið var yfir ástand beggja vallanna, starfið í sumar og framtíðarhorfur, bæði við endurbætur á leiksvæði, æfingaaðstöðu o.fl.

Í nefndinni sátu:

Sigurður Hlökkversson

Ólafur E. Ólafsson




FORELDRAR ATHUGIÐ

Hvatapeninga ársins 2011 þarf að nýta fyrir áramót

- Veljið rétt félag og flokk í íþrótta- og tómstundabankanum á Mínum Garðabæ.
- Þeir sem æfa með félögum í Garðabæ geta greitt beint inn á greiðsluseðilinn í Mínum Garðabæ.
- Þeir sem æfa utan Garðabæjar geta framvísað greiðslukvittun á bæjarskrifstofunum og fengið hvatapeningana endurgreidda.
- Öll börn í Garðabæ á aldrinum 6–18 ára fá 25 þúsund krónur í hvatapening til íþrótta- og æskulýðsstarfs á árinu 2011.

Upplýsingar um hvatapeninga veitir
þjónustuver Garðabæjar í síma 525 8500



GARÐABÆR



4 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með GKG-dælulykli Atlantsolíu færðu **4 kr. afslátt** á öllum sjálfs-afgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill **10 kr. afslátt**.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.gkg.is



ATLANTSOLÍA



Skýrsla Íþróttasviðs GKG vegna 2011

Árið sem er að líða gekk mjög vel í Íþróttastarfi GKG. Börnum og unglingum fjölga stöðugt og árangur þeirra í mótum var einkar glæsilegur. Í eftirfarandi upptalningu er sagt frá því helsta sem gerðist á árinu.

Íþróttasvið

Formaður Íþróttanefndar GKG er Gunnar Páll Þórisson. Með honum í nefndinni sitja Áslaug Sigurðardóttir, Valgeir Tómasson og Ólafur Sigurðsson.

Þjálfarar

Á sumaræfingunum störfuðu tveir PGA-menntaðir þjálfarar, Derrick Moore og Hlynur Þór Haraldsson. Auk þeirra sáu eftirfarandi um þjálfun á barna- og unglingaæfingum félagsmanna: Birgir Leifur Hafþórsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Haukur Már Ólafsson, Ingunn Gunnarsdóttir og Tómas Sigurðsson. Á vikulegum barnanámsskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5–12 ára, störfuðu fjórtán afrekskyllingar úr röðum félagsins. Auk þjálfarana störfuðu því 19 afrekskyllingar við að leiðbeina og þjálfra næstu kynslóð afrekskyllinga. Það skiptir félagið miklu máli að hafa svona breiðan hóp einstaklinga sem kemur að starfinu, margir hverjir komnir með 3–5 ára reynslu af námskeiðum. Án þeirra væri ekki hægt að halda úti jafn öflugum starfi og raun ber vitni. Starfið gekk í heildina mjög vel og stöðugt er unnið að því að auka gæði námskeiðanna og passa uppá að hópastærðir séu viðráðanlegar, en gert er ráð fyrir að hver þjálfari sé ekki með fleiri en sex börn á námskeiðunum. Hlynur Þór Haraldsson, sem uppalinn er í GKG, var ráðinn í fullt starf fyrir ári síðan. Hlynur er menntaður PGA-þjálfari og er aðalsvið hans þjálfun yngstu kyllfinganna.

Barna- og unglingastarf

Fjöldi barna og unglinga heldur áfram að aukast og eru nú rúmlega 300 félagsmenn 15 ára og yngri. Þess má geta að það er u.þ.b. sami fjöldi og er í GR og GK til samans! Alls voru 235 skráðir á æfingar sl. sumar, en iðkendum hefur fjölgað um 100 frá árinu 2008. Stór ástæða þessarar aukningar er mikil ásókn í vikulegu námskeiðin, en yfir 500 börn tóku þátt í þeim í sumar. Á námskeiðunum kynnast krakkarnir golfþróttinni á jákvæðan hátt og vilja margir í kjölfarið halda áfram æfingum. Næsta skref fyrir marga er þ.a.l. að ganga í GKG og æfa það sem eftir lifir sumars og halda jafnvel áfram á vetraræfingum.

Helsta áskorunin hjá okkur er að varðveita og auka gæðin í þjálfuninni, því svona mikilli aukningu geta fylgt vaxtaverkir. Lykilatriði til að geta haldið áfram góðu uppbyggingarstarfi er að hafa hæfa og samviskusama þjálfara og leiðbeinendur, og aðstöðu til að taka á móti öllum fjöldanum. Sem betur fer höfum við góð svæði handan Vetrarbrautar og meðfram Víflsstaðavegi, auk palla-æfingasvæðisins til að starfrækja námskeiðin og æfingarnar. Ef við missum þessi svæði þyrfti væntanlega að draga saman seglin í barna- og unglingastarfi. Sem Íþróttafélag megum við ekki láta slíkt gerast.

Undanfarin tvö sumur höfum við lagt áherslu á að fjölga stúlkum og hefur tekist vel til, en stúlkum 18 ára og yngri fjölgaði um 30% milli ára. Hinsvegar breytast hlutföllin lítið frá því sem verið hefur, þ.e. um 20% stúlkur og 80% strákar, enda ekkert lát á fjölgun drengjanna á æfingum. Við hvetjum félagsmenn að bjóða

dætrum, barnabörnum og frænkum með á völinn eða í Kórinn í vetur og kynna Íþróttina fyrir þeim.

Keppnir barna- og unglinga

Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Svalamótaröðina og Unglingamótaröðina. Í fyrra tóku 90 börn þátt í Svalamótaröðinni, sem er ætluð þeim börnum 12 ára og yngri sem eru að stíga fyrstu skrefin í keppni. Leikið er í Mýrinni. Í sumar tóku um 70 þátt, en á móti tóku fleiri þátt í Unglingamótaröðinni, sem leikin er á Leirdalsvelli. Það segir okkur helst að fleiri krakkar eru komnir með forgjöf og tilbúnir að taka næsta skref og keppa í Unglingamótaröðinni. Hinsvegar þarf að huga betur að kynningu fyrir Svalamótaröðina næsta sumar og fá enn fleiri til að taka þátt, enda er þetta mikilvægur vettvangur fyrir krakkana að taka fyrstu skrefin í léttari keppni þar sem þau læra að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv. Nánari upplýsingar um úrslit í innanfélagsmótunum er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni: Úrslit 2011 í Svala- og Unglingamótaröð.

Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Stiginn er þannig að þau byrja í innanfélagsmótum GKG, þ.e. fyrst í Svalamótaröðinni, síðan Unglingamótaröðinni, svo Áskorendamótaröð GSÍ og loks Arionbankamótaröðinni.

Þátttaka GKG í unglingamótum GSÍ var eftirfarandi:

Áskorendamótaröð:

2011 – 34 keppendur. 2010: – 26 keppendur. 31% aukning milli ára.

Arionbankamótaröð:

2011 – 34 keppendur. 2010: – 27 keppendur. 26% aukning milli ára.

Afreksstarf

Á árinu náðust tveir Íslandsmeistarar. Ragnar Már Garðarsson sigraði í Íslandsmóttinu í högggleik 15–16 ára og sveit drengja 15 ára og yngri urðu einnig Íslandsmeistarar í sveitakeppni unglinga, líkt og árið áður.

Birgir Leifur Hafþórsson keppti á Áskorendamótaröð Evrópu (Challenge Tour) og náði þar oft góðum árangri. Hans besti árangur í móti var á Mugally Tuscany Open á Ítalíu, en þar náði hann þriðja sæti. Birgir Leifur er öruggur með fullan þáttttökurétt á Áskorendamótaröðinni á næsta ári, en um þessar mundir tekur hann þátt í úrtökumótum (Qualifying school) til að freista þess að komast inn á evrópsku og/eða bandarísku mótaröðina. Líkt og undanfarin ár er hann okkar langfremsti kyllingur, og enn sem komið er hann sá sem á mesta möguleika á því að tryggja sér tilverurétt í atvinnumenskunni meðal þeirra bestu.

Fjórir kyllingar kepptu fyrir hönd Íslands í verkefnum GSÍ erlendis: Alfreð Kristinsson og Guðjón Henning Hilmarsson á EM landsliða í Portúgal; Aron Snær Júlíusson á European Young Masters í Ungverjalandi; María Guðnadóttir á EM kvenna í Frakklandi. Miðað við árangur okkar fremstu unglinga er ljóst að GKG verður með fleiri fulltrúa í landsliðshópi GSÍ á næsta ári en nokkru sinni fyrr.

ÚRSLIT Í MEISTARAMÓTI GKG 2011

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Alfreð Brynjar Kristinsson	75	69	70	70	284
Guðjón Henning Hilmarsson	79	70	70	70	289
Bjarki Freyr Júlíusson	81	74	71	79	305
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingi Heimisson	81	75	80	76	312
Davíð Örn Kjartansson	83	72	78	80	313
Jóel Kristinsson	85	78	78	77	318
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Atli Geir Atlason	87	80	87	80	334
Anton Rafn Ásmundsson	86	82	82	90	340
Magnús Kári Jónsson	94	82	82	86	344
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnar Freyr Einarsson	86	90	92	93	361
Örn Jónsson	90	89	87	96	362
Davíð Hjaltested	90	90	91	92	363
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Eðvald Albert Eðvaldsson	98	96	92		286
Páll Þórsson	93	104	96		293
Gunnar Jónsson	102	97	95		294
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Elvar Logi Rafnsson	99	106	90		295
Már Guðmundsson	96	102	98		296
Þórir Guðmundsson	106	97	98		301
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingunn Gunnarsdóttir	79	75	81	77	312
Ingunn Einarsdóttir	83	75	79	80	317
María Málfríður Guðnadóttir	87	80	81	83	331
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jónína Pálsdóttir	94	82	82	95	353
Linda Arilíusdóttir	96	88	91	91	366
Steinunn Björk Eggertsdóttir	95	87	95	90	367
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hanna Bára Guðjónsdóttir	106	97	99	95	397
Ragnheiður Stephensen	97	98	109	98	402
Baldvina Guðrún Snælaugsdóttir	96	105	100	104	405
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóhanna Ásgerður Einarsdóttir	115	112	110		337
Ingibjörg M. Steinþórsdóttir	113	118	111		342
Guðrún Kristjánsdóttir	109	121	119		349
Piltar 17–18 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Emil Þór Ragnarsson	75	70	75		220
Daníel Hilmarsson	76	77	83		236
Daníel Jónsson	76	80	82		238
Drengir 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnar Már Garðarsson	71	72	74		217
Aron Snær Júlíusson	68	74	76		218
Sindri Sigurður Jónsson	82	81	87		250
Strákar 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristófer Orri Þórðarson	78	81	77		236
Máni Geir Einarsson	81	89	85		255
Hilmar Leó Guðmundsson	84	89	87		260
Telpur 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Særós Eva Óskarsdóttir	82	80	90		252
Gunnhildur Kristjánsdóttir	82	82	94		258
Helena Kristín Brynjólfssdóttir	103	96	100		299
Stelpur 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Elisabet Ágústssdóttir	115	99	106		320
Ásthildur Lilja Stefánsdóttir	106	107	112		325
Freydís Eiríksdóttir	107	118	110		335
Öldungar karla 0–20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Einar Breiðfjörð Tómasson	83	91	82		256
Kjartan Guðjónsson	83	88	90		261
Stefán Sigfús Stefánsson	83	90	89		262
Öldungar karla 21–36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Sigurður Þór Magnússon	100	106	110		316
Gunnlaugur Einarsson	102	119	101		322
Stefán Baldursson	114	106	105		325
Öldungar konur 0–24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kolbrún Stefánsdóttir	93	96	93		282
Konný Hansen	101	103	105		309
Elisabet Þórdís Harðardóttir	102	110	106		318
Öldungar konur 25–40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingigerður Eggertsdóttir	113	119	120		352
Ragnheiður Lilja Georgsdóttir	114	117	122		353
Hallgerður Arnórsdóttir	149	135	155		439
Öldungar karla 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðmundur Ólafsson	89	89	89		267
Ingimar Jónsson	87	88	92		267
Sverrir Guðmundsson	93	89	86		268
Öldungar konur 65 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristín Þórarínsdóttir	89	96	99		284



Sveitakeppni GSÍ fór fram á Leirdalsvelli GKÍ í sumar.

Nánari upplýsingar um árangur GKÍ á árinu er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni: Yfirlit um árangur GKÍ 2011 í mótardöðum GSÍ og LEK.

Æfingaaðstaða

Helstu æfingarsvæði okkar eru grassvæðin meðfram Víflsstaðavegi og handan Vetrarbrautar. Þar er búið að móta stuttan völl og æfingarsvæði sem henta fyrir högg innan við 100 metra. Það er mikill kostur að geta slegið þessi mikilvægu innáhögg af grasi. Óskandi er að áfram verði haldið að þróa og bæta þetta svæði, en slíkt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar. Það skiptir einnig gríðarlega miklu máli að ganga vel um æfingarsvæðin, og að fólk fari eftir reglum um umgengni, s.s. að fólk noti sína eigin æfingabolta, ekki leiguboltana, en slíkt er einungis leyfilegt í fylgd þjálfara. Einnig þarf að muna að setja torfusnepla í förin. Því miður hefur umgengni oft á tíðum verið afar slæm, og fólk jafnvel slegið full högg rétt við holurnar, bæði á svæðinu við Víflsstaðavegin og við Vetrarbrautina. Slíkt er gagnstætt siðareglum golfsins og skemmir auk þess grasið.

Auk grassvæðana eru pallaæfingarsvæðið og puttflatirnar við skálann okkar helstu staðir til æfinga. Æfingaflatirnar eru því miður of litlar fyrir þann mikla fjölda sem stundar æfingar. Einnig vantar okkur tilfinnanlega aðstöðu til að æfa vipp og rúll högg.

Kórinn hefur verið mikil lyftistöng fyrir vetrarstarfið hjá okkur og verður einnig sífellt vinsælla hjá hinum almenna kylfingi í GKÍ. Miðað við aukninguna á börnum og unglingum sem æfa á veturna er aðstaðan að verða of lítil, en við höfum fengið aukið rými fyrir líkamsrækt afrekshópna og horfur eru á að við getum bætt við rými til að slá í net þar sem við getum verið með sérhæfðari æfingar.

Nýliðar

Nýliðanámsskeið voru haldin fyrir nýja félaga sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámsskeið annars

staðar. Markmið nýliðanámsskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna þá fyrir helstu starfssemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 50 nýliðar í gegnum fræðslunámsskeiðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfssemi og starfsfólki félagsins. Verklef þjálfun í stutta spili og sveiflu. Spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 2–3 brautir. Farið er yfir helstu golf- og siðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf og hvernig á að skrá sig á rástíma á golf.is, o.fl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafræðslan 6 klst. og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennslufni. Kennarar á námskeiðinu voru undirritaður, Derrick og Hlynur, auk Kjartans Bjarnasonar, yfirdómara GKÍ, en hann sá um bóklega tímann í golfreglum.

Að lokum

Vetraræfingar hefjast á ný í nóvember með barna-, unglinga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Æfingar standa í 10 1/2 mánuð á ári undir handleiðslu þjálfara. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfþæknina og líkamlega formið. Vil ég því hvetja GKÍ-félaga til að vera duglegir við að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur, og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum.

Ég vil þakka þeim starfsmönnum og nefndarmönnum sem ég hef unnið með á árinu fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka klúbbmeðlimum og foreldrum yngri iðkenda fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu.

Áfram GKÍ!

f.h. Íþróttasviðs,
Úlfar Jónsson
Íþróttastjóri

Úrslit 2011 í Svala- og Unglingamótaröð

Svalamótaröð heildarúrslit 2011

9 ára og yngri drengir	Punktur
1. Rafnar Örn Sigurðarson	72
2. Baldur Einarsson	69
3. Óliver Máni Scheving	61

10–12 ára drengir

1. Magnús Friðrik Helgason	68
2. Páll Hróar Helgason	59
3. Birnir Þór Árnason	58

9 ára og yngri stúlkur

1. Hulda Clara Gestsdóttir	66
2. Eva María Gestsdóttir	52
